



ÆFINGAGJÖLD OG SKRÁNINGAR IÐKENDA OG FÉLAGSMANNA



Handknattleikur



Blak



Knattspyrna



Borðtennis



Taekwondo



Dans



Bandý

Almennir skilmálar um æfingagjöld hjá öllum deildum HK

- Skilyrði er að æfingagjöld séu greidd í upphafi tímabils.
- Greiðsla æfingagjalds er forsenda fyrir þátttöku á æfingum og mótum sem flokkur/hópur eða einstaklingur fer á.
- Æfingagjöld eru ekki endurgreidd eftir að námskeið er hafið. Hægt er að sækja um undanþágu frá þessu ef um búferlaflutning og/eða alvarleg veikindi eða meiðsli er að ræða verður úrsögn að berast með tölvupósti á netfang HK hk@hk.is. Skrifstofa í samráði við viðkomandi deild afgreiðir slíkar umsóknir.
- Ef iðkandi mætir á æfingar og forráðamaður gengur ekki frá æfingagjöldum innan þriggja vikna frá upphafi námskeiðs er sendur rafrænn greiðsluseðill fyrir æfingagjöldum. Enda litið svo á að forráðamaður vilji nýta sér þjónustu HK. Ef forráðamaður vill breyta þeim greiðslumáta leggst á aukagjald 1.500 kr.
- Til þess að ráðstafa frístundastyrk verður að skrá sig inn í félagagjaldakerfið með Ís-lykli eða rafrænum skílríkjum.
- Ekki má flytja frístundakort milli systkina né milli ára. Sjá reglu Kópavogsbæjar: <http://www.kopavogur.is/thjonusta/tomstundir/fristundastyrkir/>
- Ráðstafaður frístundastyrkur sveitarfélaga er ekki endurgreiddur.
- Veittur er 20% systkina- og/eða fjölgreina afsláttur innan deilda. Sjá upplýsingar um afslætti www.hk.is/afslaettir
- Mikilvægt að hafa samband við skrifstofu ef um fjárhagserfiðleika er að ræða og finna úrlausn sem leiðir til áframhaldandi þátttöku iðkandans.
- Allir greiðsluseðlar eru í kröfukaupum hjá Greiðslumiðlun og því verða forráðamenn að snúa sér þangað ef þeir lenda í vanskilum eða vilja semja um greiðslukjör eftirá.
- Það er með öllu óheimilt að blanda æfingagjöldum inní aðra starfsemi hjá félaginu, stjórnarfolk, starfsfolk, þjálfara eða aðrir velunnarar félagsins fá engan afslátt af æfingagjöldum umfram þann sem almennt er veittur. Skrifstofa félagsins sér alfarið um allt (verklag, tæknibúnað, tengingar við frístund, afsláttarkjör, innheimtu sem er unnin í samráði við gjaldkera deilda



Þegar við á og úrlausn til þeirra sem eiga fjárhagslega erfitt með að borga fyrir börnin sín sem tengist æfingagjöldum nema að ákveða upphæð hvers æfingagjalds. Hér sitja því allir við sama borð hvað æfingagjöld varðar

Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu HK og á heimasíðunni undir liðnum æfingagjöld.

Innheimtuferli

Öll æfingagjöld sem ekki eru greidd á eindaga fara í innheimtu hjá Mótus, þetta gerist sjálfkrafa í félagagjaldakerfinu.

- Æfingagjöldin standa að mestu leyti undir rekstri barna- og unglingaráða og er þar langstærsti kostnaðarliðurinn laun þjálfara félagsins. Þau eru greidd út mánaðarlega, m.ö.o. æfingagjöldin eru lífæð fyrir rekstur deildanna.

Þess vegna viljum við benda fólki að hafa samband við Mótus eða skrifstofu HK til að finna lausn og nýta sér þær leiðir sem eru í boði, ef viðkomandi lendir í greiðsluvandræðum.

Bendum á ráð frá Mótus til að leysa málin á sem hagkvæmastan hátt:

Hefur þú fengið innheimtubréf frá okkur vegna ógreidds reiknings? Þá hefur kröfuhafinn gert ráð fyrir að fá þessa peninga greidda en án árangurs og hann hefur því leitað til okkar eftir aðstoð.

Oft er erfitt að láta enda ná saman og við skiljum það mæta vel. Við gerum okkar besta til sinna okkar starfi á sanngjarnan hátt og með lágmarks kostnaði. Við leggjum mikla áherslu á jákvæð samskipti.

Það er klárlega alltaf best að bregðast fljótt við innheimtubréfi og nýta sér þær leiðir sem eru í boði. Hafðu samband við okkur sem fyrst eftir að þú færð innheimtubréf - það er auðveldast að leysa málið á fyrstu stigum og kröfuhafar vilja vita sem fyrst ef greiðandi er í greiðsluvandræðum og sýna því þá jafnan skilning.

Á greiðendavefnum, ekkigeraekkineitt.is er hægt að skoða mál sem komin eru í innheimtu. Þar er hægt að greiða með korti eða semja um að skipta greiðslum, bæði á greiðslukort eða að fá greiðsluseðil mánaðarlega. Þú ættir að sjá lykilorðin að greiðendavefnum í innheimtubréfunum frá okkur. Þú ættir líka að hafa fengið notendanafn og lykilorð sent sem rafrænt skjal í heimabankann þinn. Ef þú finnur það ekki geturðu sótt um nýtt lykilorð á forsiðu vefsins sem er þá sent í heimabankann þinn.

Greiðendapjónusta Motus er opin á milli 9 og 16. Skrifstofur okkar eru á 10 stöðum um land allt og starfsfólk okkar gerir sitt besta til að aðstoða alla sem til okkar leita. Sími þjónustuversins er 440 7700.



Hér eru nokkur góð ráð

- Það er alltaf best að bregðast fljótt við og greiða skuldina þannig að komist sé hjá frekari innheimtukostnaði.
- Ef þig vantar nánari upplýsingar um innheimtumál getur þú haft samband og við munum leggja okkur fram við að aðstoða þig.
- Ef þú getur ekki greitt skuldina í einu lagi er oftast hægt að gera greiðslusamkomulag. Ef þú greiðir samkvæmt samkomulagi hækkar innheimtukostnaður skuldarinnar ekki.
- Ef þú átt von á peningum fljótlega getur þú oftast fengið greiðslufrest. Ef þú greiðir innan tímamarka hækkar innheimtukostnaður skuldarinnar ekki.
- Ef þú telur þig eiga í alvarlegum greiðsluvanda mælum við með að þú hafir samband við Umboðsmann skuldara og fáir ráðgjöf um möguleg úrræði á www.ums.is

En hvað sem þú gerir - ekki gera ekki neitt

Verklagsreglur um skráningu/ afskráningu iðkenda

Skráning:

Hver iðkandi má æfa frítt í prufutíma í tvær vikur í hverri íþrótt. Ef iðkandi ætlar að halda áfram iðkun í viðkomandi íþrótt þá ber forráðamanni að ganga frá skráningu á vefsíðu HK, www.hk.is/skraning. Við skráningu þarf að notast við Íslykil eða rafræn skilríki, þar með er viðkomandi forráðarmaður búinn að tengja sig við Rafrænan Kópavog/Reykjavík/Hafnarfjörð svo að hægt sé að ráðstafa niðurgreiðslu frá viðkomandi sveitarfélagi sem og greiðslufyrirkomulagi. Hægt er að ganga frá greiðslu með kreditkorti (Visa eða Mastercard) eða greiðsluseðlum sem mynda kröfu í heimabanka viðkomandi. Forráðamaður greiðir engan auka kostnað ef greitt er með kreditkorti en á hvern greiðsluseðil bætist við seðilgjald.

Ef iðkandi byrjar þegar liðið er inn á tímabilið þá þarf forráðamaður að hafa samband við skrifstofuna svo að hægt sé að reikna út rétt æfingagjald.

Leiðbeiningar um hvernig bera skal sig að við skráningar er að finna á vefsíðu HK: <http://hk.is/hk/Sida.aspx?ID=71>, leiðbeiningar eru bæði á íslensku og ensku.



Það er á ábyrgð forráðamanna að nýta niðurgreiðslu sveitafélags.

Ef iðkandi er með einhvern sjúkdóm, ofnæmi eða annað sem taka þarf tillit til við þjálfun og í starfinu þá þarf forráðamaður að skrá það við skráningu, einnig er gott að tilkynna það einnig beint til viðkomandi þjálfara.

Gott er að hafa samband við viðkomandi þjálfara og kynna sér starfsáætlun flokksins, hvernig foreldrar geta komið að starfinu og hvernig félagið er uppbyggt svo að dæmi séu tekin.

Einnig er gott að kynna sér hverjir sitja í stjórn barna- og unglingaráðs viðkomandi deildar og hver yfirþjálfari deildarinnar er.

Upplýsingar um þjálfara má finna á www.hk.is/thjalfarar.

Upplýsingar um æfingatöflur flokka má finna á www.hk.is/aeingar.

HK býður upp á 20% systkina- og fjölgreinaafslátt sem reiknast í Nóra (skráningarkerfinu) þegar barn nr. 2 eða grein nr. 2 er skráð og greidd. Nánari upplýsingar má finna á www.hk.is/afslaettir.

Upplýsingar um æfingagjöld má finna á www.hk.is/gjold.

Afskráning:

Ef iðkandi hættir iðkun þarf að láta viðkomandi þjálfara vita við fyrsta tækifæri sem og senda póst með nafni iðkanda, kt, flokk og deild á netfangið hk@hk.is.

Ath, æfingagjöld hjá HK eru ekki endurgreidd, nema ef um langvarandi veikindi eða meiðsli sé um að ræða og er beiðni þá send til viðkomandi barna- og unglingaráðs.



Leiðbeiningar vegna skráningar iðkenda og ráðstöfun frístundastyrks Kópavogsbæjar

1. Innskráning

Foreldrar/forráðamenn fara inn á skráningarsíðu HK www.hk.is/skraning.

Ef valið er skráning iðkanda þá fær foreldrið/forráðamaðurinn þessa valmynd:

- A. Langbest er að skrá sig beint inn með island.is skráningu (íslykill eða rafræn skilríki) ef notast á við frístundastyrk Kópavogs sé það mögulegt. Foreldrið getur skráð sig beint inn í gegnum island.is innskráninguna með því að **SMELLA Á MYNDINA** (muna að samþykkja skilmálana fyrst).

HK Handknattleiksfélag Kópavogs

Innskráning

☐ Samþykkja skilmála [Hjá skilmála](#)

island.is INNSKRÁNING

Ef nýta á frístundastyrk sveitarfélags er skilyrði að nota island.is við innskráningu

Ávallt þarf að samþykkja skilmála

Kennitala:

Lykillorð:

[Títt lykilorð](#) ☐ Muna eftir mér

Með því að smella á þessa mynd, kemstu á innskráningarsíðu Íslykils/Rafræn skilríki

Handknattleiksfélag Kópavogs - Fúsgaralíð 83 - 200 - Kópavogi - Sími: 570 9994 - Bréðafni: 564 2397 - Kópavogi - HKK.is

Greibulumblun BORGUN Mastercard VISA Ráðgjafir Ráðgjafir RapidSSL NORI

- B. Hægt er að skrá sig inn í kerfið án þess að nota íslykil en þá þarftu að skrá þig aftur seinna í ferlinu inn með íslykli/rafrænum skilríkjum. Ekki er að hægt að ráðstafa styrknum nema með íslykli/rafrænum skilríkjum. Þess vegna er lang best að skrá sig inn með íslykli/rafrænum skilríkjum strax sé þess kostur í valmynd innskráningarsíðunnar.



2. Nýskráning þátttakenda

Ef forráðamaður er með mörg börn á framfæri, birtast þau í fellilista. Þú velur viðkomandi barn og smellir á nafn þess og áfram.

HK Handknattleiksfélag Kópavogs

skráð(ur) inn

Min Skráning Nýr iðkandi Minir Iðkendur Útskráning

Nýskráning iðkanda

Veldu iðkanda:

Hætta við Áfram

Handknattleiksfélag Kópavogs - Fúsgund 83 - 201 - Kópavog - Sími: 570 4994 - Síðafni: 964 2397 - Kópavogur - Hæðhús

Greittslubúla BORGUN MasterCard VISA Ráðgjafi Ráðgjafi NORI

3. Velja námskeið fyrir barn

Með því að smella á Námskeið/Flokkar í boði sérðu hvaða námskeið innan þessa félags eru í boði fyrir barnið þitt (miðast við fæðingarár)

HK Handknattleiksfélag Kópavogs

Torfi Jóhannsson skráð(ur) inn

Min Skráning Nýr iðkandi Minir Iðkendur Útskráning

Minir iðkendur

Nafn	Kenntala	Kyn	Áldur	Námskeið/Flokkar í boði
Tor		KK	37 ára	Námskeið/Flokkar í boði
Birt		KVK	14 ára	Námskeið/Flokkar í boði
Jón		KK	9 ára	Námskeið/Flokkar í boði
Sjö		KVK	9 ára	Námskeið/Flokkar í boði

Handknattleiksfélag Kópavogs - Fúsgund 83 - 201 - Kópavog - Sími: 570 4994 - Síðafni: 964 2397 - Kópavogur - Hæðhús

Greittslubúla BORGUN MasterCard VISA Ráðgjafi Ráðgjafi NORI

Þú smellir hér til að sjá yfirlit yfir námskeiðin sem eru í boði

Orðið	Flokkur	Námskeið	Tímabil	Skráning
Bandý	Stelpuflokkur 10-15 ára KVK	Árgjald	01.09.2014 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Bandý	Stelpuflokkur 10-15 ára KVK	Árgjald með frístunastyrk	01.09.2014 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Blak B&U	3.flokkur kvk 14- 16 ára KVK	Árgjald	01.09.2014 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Borðtennis	Byrjendur KK og KVK	Árgjald	01.09.2014 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Borðtennis	Langra konnir KK og KVK	Árgjald	01.09.2014 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Borðtennis	Meistaraflokkur KK og KVK	Árgjald	01.09.2014 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Dans	K hópur KK og KVK	Vörðinn	01.01.2015 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Dans	K2-Meis 1 KK og KVK	Vörðinn	01.01.2015 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Dans	Meistarahópur 3 KK og KVK	Vörðinn	01.01.2015 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Dans	Meistarahópur 4 KK og KVK	Vörðinn	01.01.2015 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Handbolt B og U	4.flokkur kvk eldra ár 15 ár KVK	Árgjald	01.08.2014 - 30.06.2015	Skráning á námskeið
Handbolt B og U	4.flokkur kvk yngri ár 14 ára KVK	Árgjald	01.08.2014 - 30.06.2015	Skráning á námskeið
Knattspyrna B&U	3.flokkur kvk 14-15 ára KVK	Árgjald	15.09.2014 - 14.09.2015	Skráning á námskeið
Taekwondo	Grænt belti og hærra - Kórinn 10 ára og eldri KK og KVK	Árgjald	01.09.2014 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Taekwondo	Grænt belti og hærra - Snældaskóli 10 ára og eldri KK og KVK	Árgjald	01.09.2014 - 31.05.2015	Skráning á námskeið
Taekwondo	Grænt belti og hærra - Snældaskóli 10 ára og eldri KK og KVK	Árgjald	01.09.2014 - 31.05.2015	Skráning á námskeið

Hér velur þú námskeiðið



4. Námskeið valið og styrk ráðstafað

Eftir að þú hefur valið námskeið fyrir barnið kemur þessi valmynd upp. Þarna eru nákvæmar upplýsingar um tiltekið námskeið.

Þarna hakar þú við ef þú vilt nota Frístundastyrk Kópavogs.

The screenshot shows the HK Handknattleiksfélag Kópavogs website. The user is logged in as Torfi Jóhannsson. The main menu includes 'Min Skráning', 'Nýr iðkandi', 'Minir iðkendur', and 'Útskráning'. The 'Skráning' section is active, showing details for a child named Birta María Torfadóttir. The 'Viltu nota námskeið' section is highlighted, and the checkbox 'Nota Frístundastyrk Kópavogs' is checked. The 'Greiðslufyrirkomulag' section shows the payment plan with a total of 20,000.-.

Eftir að þú hefur hakað við *Nota Frístundastyrk Kópavogs* þá kemur upphæðin sem þú átt til ráðstöfunar undir Frístundastyrkur Kópavogs. Ef þú breytir ekki neinu, fer upphæðin 30.000 beint upp í gjaldið. En ef þú vilt skipta styrknum eða einungis að nota hluta af honum, velur þú breyta og setur þá upphæð inn sem þú vilt nota og vistar breytinguna

The screenshot shows the HK Handknattleiksfélag Kópavogs website. The user is logged in as Torfi Jóhannsson. The main menu includes 'Min Skráning', 'Nýr iðkandi', 'Minir iðkendur', and 'Útskráning'. The 'Skráning' section is active, showing details for a child named Birta María Torfadóttir. The 'Viltu nota námskeið' section is highlighted, and the checkbox 'Nota Frístundastyrk Kópavogs' is checked. The 'Greiðslufyrirkomulag' section shows the payment plan with a total of 20,000.-.

The screenshot shows the HK Handknattleiksfélag Kópavogs website. The user is logged in as Torfi Jóhannsson. The main menu includes 'Min Skráning', 'Nýr iðkandi', 'Minir iðkendur', and 'Útskráning'. The 'Skráning' section is active, showing details for a child named Birta María Torfadóttir. The 'Viltu nota námskeið' section is highlighted, and the checkbox 'Nota Frístundastyrk Kópavogs' is checked. The 'Greiðslufyrirkomulag' section shows the payment plan with a total of 0.-. A blue arrow points to the 'Vista' button.

Muna að vista
eftir að búið er að
breyta upphæð.

5. Greiðslufyrirkomulag

Foreldri/forráðamaður ákveður hvort að hann vilji fá greiðsluseðil eða greiða með kort. Mikilvægt er að muna að samþykkja skilmála og velja staðfestingarsíðu.

einhverjar ærþær sem umgjörmennt namseðling þurfa að vita en: til demis sjúkdómar, lyf ofnæmi, greining, strolugirni og þess háttar?

Greiðslufyrirkomulag

Greiðslumúti: Greiðsluseðill

Skipta í greiðslur

☐ Samþykki skilmála [Sjá skilmála](#)

Staðfestingarsíða

[Til baka](#)

Mikilvægt að samþykkja Skilmálana og ýta á **Staðfestingarsíða**